

þar, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt á höfuðborgarsvæðinu eða sé um að ræða alvarlegt brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstaka hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs, sem staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim aðilum, sem nú halda hund og leita vilja undanþágu skv. 2. gr. er gefinn frestur til þess að sækja um hana til 1. október 1976. Sami frestur er veittur öðrum þeim, sem nú halda hunda, til þess að fjarlægja þá úr bænum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. október 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi Neshrepps utan Ennis eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1.5%
Tvíbýlishús og raðhús	1.0%
Tveggja hæða íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bifreiðageymslur	1.5%
Annað húsnaði	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdraetti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

6. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3.0%
Tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2.0%
Tveggja hæða íbúðarhús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Bifreiðageymslur	3.0%
Annað húsnæði	1.0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar stærð 250 m³ húsnæðis.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

8. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 7. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verk fer fram og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 258 24. nóvember 1969 og nr. 79 29. apríl 1974, breytist þannig:

a. Við 4. mgr. bætist:

g) Reykjanesbraut

h) Breiðholtsbraut

i) Elliðavogur frá Reykjanesbraut að Holtavegi

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á eftirtöldum akbrautum, sem eingöngu eru ætlaðar fyrir akstur strætisvagna, skal hámarksökuhraði vera 15 km miðað við klst.:

a) Akbraut frá Suðurhólum inn í Hólahverfi.

b) Akbraut, sem tengir saman suður- og norðurenda Arnarbakka, samhliða og austan við Núpabakka.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.